

BARNA- OG UNGLINGARÁÐ KNATTSPYRNUDEILDAR

FORELDRAHANDBÓK
KNATTSPYRNUDEILDAR KR
METNAÐUR · FAGMENNSKA · VIRÐING · GLEÐI



YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

BARNA- OG UNGLINGARÁÐ KNATTSPYRNUDEILDAR



HLUTVERK RÁÐSINS

- Hafa yfirumsjón með rekstri yngri flokka, ákvarða æfingagiöld árlega.
- Er í samstarfi við starfsmenn deildarinnar og stuðla að faglegum ráðningum á þjálfurum deildarinnar.
- Styðja þjálfara deildarinnar í starfi sínu og veita þeim nauðsynlegt aðhald
- Sjá til þess að þjálfarar vinni skipulega með iðkendum og meti framfarir þeirra með markvissum og reglubundnum hætti.
- Leggja til keppnisbúninga, æfingavesti, bolta, boltanet, keilur, sjúkratöskur og annan sameiginlegan búnað yngri flokka.
- Setja reglur um framkomu leikmanna á æfingum, í leikjum, keppnisferðum og gagnvart félaginu í samráði við yfirþjálfara.
- Sjá til þess að foreldraráð séu mynduð hjá hverjum flokki fyrir lok október ár hvert.
- Funda með talsmönnum foreldraráða allra flokka að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem farið er yfir starfið.
- Formaður BUR er málsvari ráðsins og situr í stjórn knattspyrnudeildar KR.

Við hvetjum þá sem vilja hafa samband við Barna- og unglingaráð að hafa samband á netfangið burknattspyrna@kr.is

Hlökkum til samstarfsins!

BUR er tengiliður milli foreldra og knattspyrnudeildar KR og geta allir foreldrar leitað til ráðsins varðandi þau mál sem liggja þeim á hjarta.

Fulltrúar ráðsins munu leitast eftir því að koma athugasemdum og áhyggjum foreldra á framfæri við stjórnendur og starfsmenn innan félagsins, og styðja við foreldra og iðkendur deildarinnar í hvívetna.

Barna- og unglingaráð starfar náið með bæði yfirmanni knattspyrnumála sem og yfirþjálfara deildarinnar. Leitað er eftir samþykki og stuðningi ráðsins í flestum málum er tengjast yngri flokkum.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

VELKOMIN Í KR

SKRÁNING IÐKENDA



Skráning iðkenda í KR fer fram í gegnum appið Abler og er þar einnig gengið frá greiðslum fyrir æfingagjöld.

Hjá KR er 10% systkinaafsláttur sem reiknast sjálfkrafa í ferlinu.

Á Abler koma fram æfingatímar, keppnisleikir, mót og aðrir viðburðir í floknum. KR notar Abler til að koma skilaboðum til foreldra og iðkenda.

Þar er líka hægt að merkja við ef iðkandi kemst ekki á æfingu eða aðra viðburði.

Hægt er að nálgast Abler í gegnum App store eða Google Play.



FRÍSTUNDAKORT

Öll börn og unglingar á aldrinum 6 - 18 ára með lögheimili í Reykjavík fá frístundakort.

Frístundakortið er 75.000 kr. styrkur árið 2026 frá Reykjavíkurborg sem hægt er að nota upp í æfingagjöld iðkenda. Þegar á að nota styrkinn er það gert þegar greitt er fyrir æfingagjöldin hverju sinni í Abler.

Hafir þú einhverjar spurningar eða vantar aðstoð varðandi frístundakortið þá hvetjum við þig til að hafa samband við skrifstofu KR.



Við stöndum saman allir sem einn
uppgjöf þekkir enginn hér
Við eru harðir allir sem einn
öflug liðsheild sem fórnar sér
Við erum KR - KR
og berum höfuðið hátt

Við erum svartir, við erum hvítir
enginn getur stöðvað oss
Við eigum viljann, við eigum úthald
við eigum styrk á við hvaða foss.
Við erum KR - KR
og berum höfuðið hátt.

Mótlæti er til að sigrast á
sameinaðir við sigurum þá
Við þekkjum bæði gleði og tár
titillinn er okkar í ár

Lag: Bubbi Morthens
Texti: Bubbi Morthens

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

VELKOMIN Í KR



FLOKKAR

Hjá knattspyrnudeild KR eru allir velkomnir á æfingu hvort svo sem viðkomandi hefur æft fótbolta áður eða er byrjandi. Við skiptum æfingum upp eftir flokkum skv. skiptingu KSÍ.

Skipting í flokka er með eftirfarandi hætti hjá drengjum og stúlkum.

8. flokkur – leikskólaaldur

7. flokkur – 1. & 2. bekkur

6. flokkur – 3. & 4. bekkur

5. flokkur – 5. & 6. bekkur

4. flokkur – 7. & 8. bekkur

3. flokkur – 9. & 10. bekkur

Hér í Frostaskjólínu hjá KR eru allir velkomnir og leggjum við áherslu á tækifæri sem hæfa hverjum og einum í gegnum öflugt starf með ríkt forvarnargildi. Við erum ekki bara að skapa okkar iðkendum góð tækifæri heldur eru hér einnig öflug tækifæri fyrir þá sem vilja taka þátt í starfi félagsins með öðrum hætti veri það í gegnum dómgæslu, sjálfbodaliðastarf, sem styrktaraðili eða sem öflugir stuðningsmenn félagsins okkar.

ERTU AÐ BYRJA AÐ ÆFA?

Á æfingum er mikilvægt að iðkendur séu í íþróttafötum með auðvelda hreyfigetu og í viðeigandi fótboltaskóm.

Mikilvægt er að vera klædd samkvæmt veðri þar sem að við æfum úti allan ársins hring í KR nema rétt yfir vetrarmánuðina hjá 8. flokki.

Þegar komið er á æfingu í fyrsta sinn er mikilvægt að gera vart við sig hjá aðalþjálfara æfingarinnar svo hann viti að viðkomandi aðili sé nýr. Þetta er mikilvægt svo þjálfarinn geti séð til þess að iðkandinn njóti sín á æfingunni og hægt sé að fylgjast með viðkomandi ef þörf þykir.

Við mælum með því fyrir foreldra yngstu iðkenda að fara ekki af svæðinu þar sem ungir iðkendur eru á ábyrgð foreldra sinna á meðan æfingu stendur. Það er svo foreldra að meta hvenær þeir treysti sínum börnum að vera ein á æfingu með þjálfara.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

KEPPNISBÚNINGUR KR

NÚMERAKERFI

Í 8. flokki fá iðkendur úthlutað keppnisnúmeri, börn sem eru fædd á ári með slétta tölu fá slétt keppnisnúmer og þau sem eru fædd á oddatöluári fá odda tölu númer, t.d fá börn fædd 2016 sléttar tölur en þau sem eru fædd 2017 fá oddatölur.

Ekki er hægt að velja númer eða óska eftir sérstöku númeri. Íþróttastjóri KR dregur númer af handahófi fyrir alla nýja iðkendur. Keppnisnúmerin fylgja iðkendum upp og fram í 3. flokk.

Þegar nýr iðkandi kemur inn í félagið eftir að skráningu í viðeigandi flokk er lokið, þá óskar iðkandi eftir því að fá keppnisnúmer hjá íþróttastjóra KR, sem úthlutar honum lausu númeri af handahófi.

Ef keppandi hefur ekki verið með virka skráningu í eitt ár þá missir hann keppnisnúmerið sitt, en snúi viðkomandi tilbaka er nýju númeri úthlutað ef fyrra númer er komið í notkun.

KEPPNISBÚNINGUR KR

- KR treyja
- Svartar stuttbuxur
- Svartir einlitir sokkar
- Legghlífur
- Takkaskór/gervigrasskór

Markmenn geta valið um lit á markmannstreyju.

Æfingagallar og föt á ferðalögum er svört eða fjólublá félagspeysa og svartar æfingabuxur.

Skv. samningi knattspyrnudeildar, skal allur fatnaður sem merktur er KR vera frá Macron.



MERKINGAR Á FATNAÐ

Keppnisbúningur – treyja:

Auk númeramerkingar á baki geta iðkendur valið að bæta við nafni á eigin kostnað.

Til að tryggja samræmi og halda ímynd KR er aðeins heimilt að nota fornafn og/eða millinafn eins og það er skráð í þjóðskrá. Eftirnöfn og gælunöfn eru ekki leyfð.

Leyfilegt: JÓN, JÓN KARL, J. KARL, JÓN K.
Óleyfilegt: NONNI, JÓNSSON, MESSI, C7

Keppnisbúningur – buxur:

Við kaup á keppnisstuttbuxum er mælt með að bæta við númeramerkingu til samræmis við aðra flokka.

Æfingagallar:

Hægt er að merkja æfingagalla með keppnisnúmeri, og nafni til viðbótar samkvæmt ofangreindum reglum. Þetta auðveldar t.d að finna fatnað sem týnist.

Mælst er gegn notkun fangamarka/upphafsstafa fyrir merkingar, þar sem það er ætlað þjálfurum.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

KNATTSPYRNUDEILD KR

STYRKARÞJÁLFUN

Styrktaræfingar eru í boði fyrir alla iðkendur knattspyrnudeildar frá 4.flokki og upp úr.

Æft er í lyftingasal í KR heimilinu, einu sinni til tvisvar í viku undir stjórn styrktarþjálfara yngri flokka.

Styrktaræfingar miðast við áherslur æfinga í floknum hverju sinni og eru breytilegar eftir hvar á tímabilinu líðið er statt.

Iðkendur eru hvattir til að nýta sér allar þær styrktaræfingar sem bjóðast, þar sem þær eru forvörn gegn meiðslum þegar æfingarálagið eykst.



MARKMANNSÞJÁLFUN

KR býður upp á markmannsæfingar fyrir iðkendur frá 6. flokki upp í 2. flokk, bæði fyrir stelpur og stráka. Æft er að minnsta kosti tvisvar í viku fyrir hvern aldursflokk, en æfingatímar eru mismunandi eftir flokkum.

Það er engin skyldumæting – markmiðið er að iðkendur geti mætt þegar þeir komast og haft gaman af því að vera í markinu.

Æfingarnar snúast um að hafa gaman, þróast sem markmenn og einnig styrkjast sem einstaklingar. Yfirleitt er önnur æfingin meira markmannstækni (stöðu, grip, sendingar, staðsetning o.fl.) og hin æfingin meira byggð á leikjum og leiklíkum æfingum.

Allir eru velkomnir að koma og prófa markmannsæfingar!

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

KNATTSPYRNUDEILD KR

SJÚKRAÞJÁLFUN

KR og Sjúkraþjálfun Reykjavíkur hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að iðkendur í yngri flokkum félagsins fái forgang í sjúkraþjálfun hjá SR. Markmið samstarfsins er að auka aðgengi iðkenda að sjúkraþjálfun því það hefur sýnt sig að ef gripið er fljótt inn í þegar meiðsli hafa orðið er hægt að lágmarka tímann sem iðkendur eru frá íþróttinni sinni og koma í veg fyrir brottfall iðkenda vegna meiðsla. Sjúkraþjálfarar munu veita þjálfurum félagsins ráðleggingar þegar kemur að meiðslaforvörnum og viðbrögðum við meiðslum.



Við vonum að iðkendur KR nýti sér þetta samstarf og leiti til sjúkraþjálfara ef á þarf að halda.

Tímabókanir fara fram á ithrottir@srg.is
Taka þarf fram kennitölu iðkanda og kennitölu og símanúmer forráðamanns.



TRYGGINGAR IÐKENDA

Almennt er hver og einn á eigin ábyrgð í sinni íþróttaiðkun. Mikilvægt er að forsjáradilar geri sér grein fyrir því að börn eru á þeirra ábyrgð í íþróttum hverju sinni. Samkvæmt íslenskum lögum bera þau félög og samtök sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi ekki sjálfkrafa ábyrgð á slysum sem börn verða fyrir í starfinu. Því er mikilvægt að foreldrar kynni sér þetta og sé í sambandi við sitt tryggingarfélag þegar slys gerast.

Heimilistryggingar fela oft í sér ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem börn valda. Sumar fela líka í sér slysatryggingar vegna tjóns sem börn valda og enn aðrar fela líka í sér slysatryggingu vegna slysa sem börn verða fyrir í frítíma. Þar sem að slíkum slystryggingum sleppir er barn eða ungmenni ekki tryggt í félags- og tómsundastarfinu frekar en þegar það er úti að leik. Fjölskyldu- og heimilistryggingar innihalda flestar slysatryggingar í frítíma sem tryggja börn við æfingar og í keppni að 16 ára aldri. Þær tryggingar greiða bætur vegna sjúkrakostnaðar, varanlegrar örorku og andláts af völdum slysa.

Skaðabótaskylda félaga og/eða þjálfara á eingöngu við ef sá sem stendur fyrir starfinu hefur sýnt af sér sök, t.a.m. vanrækslu við að gæta barna, og það veldur slysi.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

SAMSKIPTI FORELDRA SKIPTA MÁLI



FORELDRASAMSTARF

Foreldrar barna í íþróttum skipa veigamikild hlutverk í starfsemi íþróttafélaga.

Öllum er velkomid að taka þátt í starfinu. Verkefni eru fjölbreytt og hægt að koma inn í ýmis störf eins og foreldraráð, barna- og unglingaráð, liðstjórn og fararstjórn, mótastjórn á mótunum okkar sem dómarar o.fl.

Einnig eru fjölmörg handtök á stærri mótum úti á landi sem mikilvægt er að foreldrar skipti á milli sín. Mikilvægt að hafa í huga að margar hendur vinna létt verk. Hagsmunir okkar, iðkenda og félagsins fara saman. Foreldrar, stjórnarmenn, þjálfarar og iðkendur eiga að vinna hlutina í sameiningu og styðja við starf hvors annars.

Það er gott að vera upplýst foreldri. Á haustin halda þjálfarar foreldrafund þar sem farið er yfir starf tímabilsins. Þar geta foreldrar boðið sig fram í foreldraráð. Einnig er mikilvægt að vera meðlimur á þeim samskiptamiðlum sem notaðir eru í flokknum og fylgjast reglulega með því sem þangað er sett inn.

HÁTTSEMI OG JÁKVÆÐ SAMSKIPTI

Öll viljum við vera þekkt fyrir að koma vel fyrir bæði í leik og starfi.

Börn eru í fótbolta af ólíkum hvötum. Fyrst og fremst eru þau þarna til að þroskast og dafna og skemmta sér í góðum félagsskap.

Það er getuskipt, bæði á æfingum og í keppni og má búast við því að það aukist eftir því sem þau eldast. Það er undir okkur komið að styðja börnin okkar á þeim stað sem þau eru í íþróttinni.

Á mótum komum við fram sem ein liðsheild. Það felur í sér að KR liðin mæta öll í eins fatnaði, gista saman og fylgja sömu dagskrá óháð getu.

Foreldrar hafa mikil áhrif á upplifum barna á þessum aldri og er það mikilvægt að einblína ekki bara á færnina heldur að skemmta sér bæði á æfingum og á mótum og sleppa samanburði við aðra, það eyðileggur jú hamingjuna.

GOTT AÐ HAGA Í HUGA

1. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að halda sig fyrir utan gervigrasið á æfingum og trufla hvorki barn né þjálfara á meðan á æfingu stendur.
2. Láttu þjálfarann um að leiðbeina og kenna leikmönnum meðan á leik stendur.
3. Hlutverk foreldra á leikjum er hvatning og stuðningur og síðast en ekki síst að vera fyrirmynd iðkenda hvað varðar hegðun og í samskiptum.
4. Hegðun foreldrahópsins á hliðarlínunni hefur áhrif á upplifun barnsins og jafnframt á ímynd félagsins í heild útá við.
5. Hjálpaðu þínu barni að njóta sín í fótboltanum með jákvæðni en kröfum um að gera sitt besta.
6. Foreldrar koma fram við alla af virðingu, iðkendur, starfsmenn og sjálfboðaliða óháð kyni, kynþætti, kynferði eða trúarskoðunum.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

SJÁLFBODALIÐAR KR – KR ÞORPIÐ



SJÁLFBODALIÐASTARF KR

KR er þorp af fólki. Það þýðir að við byggjum starf okkar á samvinnu leikmanna, foreldra, þjálfara og stuðningsfólks.

Sjálfbodaliðastarf er grunnstoð barna- og unglingastarfsins — án þess væri einfaldlega ekki hægt að halda úti jafn fjölbreyttu og öflugtu starfi.

Hvað felst í sjálfbodaliðastarfi?

Sjálfbodaliðastarf nær yfir allt það sem foreldrar og aðstandendur leggja af mörkum án launa til að styðja við starfið. Það getur verið stórt eða lítið verkefni – allt skiptir máli!

Dæmi:

- Móts- og viðburðavaktir (t.d. KR-mót, "KR-dagurinn", grill, kökusala o.fl.)
- Akstur á mót eða æfingar.
- Umsjón með fatnaði, keppnisbúnaði eða pöntunum.
- Aðstoð í ferðalögum og á gistimótum.
- Fjáröflun og styrktarverkefni fyrir flokkinn.
- Myndatökur, kynningarefni og samfélagsmiðlar.
- Umsjón með veitingasölu eða kaffistofu.
- Ráðgjöf eða aðstoð við skipulag, tölvuvinnu, vefsíðu o.fl.

Hvernig er skipulagið?

- BUR KR setur almenn viðmið, t.d. um fjölda vaktatíma og hvernig skipting á verkefnum fer fram.
- Hver flokkseining (t.d. 6.–4. fl.) hefur sína aðalfulltrúa sem tengiliði við BUR.
- Foreldraráð hvers flokks heldur utan um verkefni og vaktalista, í samráði við þjálfara og BUR.

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

Sjálfbodaliðastarfið er hjartað í félaginu. Það gerir okkur kleift að halda úti viðburðum, mótum og ferðalögum án þess að hækka æfingagjöld. Það skapar tengsl milli foreldra, barna og þjálfara og eflir KR-samfélagið sem við erum öll hluti af.

Reglur og verklag

- Allt sjálfbodaliðastarf er samræmt og skipulagt í gegnum foreldraráð.
- Vaktir eru birtar með góðum fyrirvara.
- Ef foreldri getur ekki sinnt vakt skiptir það sjálft við annað foreldri.
- Virðing, jákvæðni og samvinna eru grundvallargildi í öllu starfi.

ÞAD TEKUR HEILT ÞORP AÐ ALA UPP IÐKENDUR OG KR-INGA.

VIÐ ERUM KR-ÞORPIÐ.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

SJÁLFBODALIÐASTARF



AFHVERJU AÐ TAKA ÞÁTT Í SJÁLFBODALIÐASTARFI?

Sjálfbodaliðastarf er ekki skylda – það er tækifæri.

Tækifæri til að leggja sitt af mörkum, taka þátt í samfélagi og sýna börnunum hvað samvinna og ábyrgð þýða í raun.

Þú tekur þátt því...

...þú ert hluti af samfélagi sem byggir á stolti, samstöðu og ábyrgð

...börnin þín sjá að þú styður þau og félagið þeirra

...þú kynnist öðrum foreldrum og styrkir tengslin við hópinn

...þú hjálpar til við að halda kostnaði niðri

...þetta er einfaldlega skemmtilegt og gefandi



YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

UNDIRBÚNINGUR MÓTA OG FERÐALAGA Á VEGUM KR



HVAÐ ÞURFA FORELDRAR AÐ GERA?

Hér koma foreldraráð flokkanna sterk til leiks og geta hafið undirbúning fyrir það mót sem framundan er.

Til eru staðlaðar upplýsingar, umgengisreglur, mótsplan og fleiri hagkvæmar upplýsingar fyrir hin ýmsu helgarmót og er hægt að hafa samband við Barna- og unglingaráð fyrir nánari upplýsingar.

Gott er að kortleggja kostnað svo hægt sé að áætla hversu mikið þúður þurfi að leggja í fjáraflanir af ýmsu tagi.

Einnig er mikilvægt að átta sig á þeim kostnaði sem fylgir öðrum aðilum en bara íðkendunum sjálfum eins og fararstjórum.

HÓPEFLI OG JÁKVÆÐ UPPBYGGING

Við í KR leggjum mikið upp úr því að flokkarnir okkar séu sem ein heild og að við förum fram með góðu fordæmi.

Fyrir stór mót þar sem spennustigið er jafnvel hátt er gott að hafa eitthvað hópefli sem ýmist þjálfara eða foreldraráð skipuleggja.



GOTT AÐ HAGA Í HUGA

1. Foreldrar/forráðamenn eru ábyrgir fyrir sínum börnum á meðan ferðalögum stendur með KR.
2. Fari íðkandi ekki eftir þeim reglum sem settar eru á ferðalögum með KR er hægt að senda viðkomandi heim á kostnað foreldra/forráðamanna.
3. Þegar komið er upp í 6.flokk og þar eftir þurfa þeir foreldrar sem gista með íðkendum að vera af sama kyni og íðkendir.
4. Að lágmarki skulu tveir foreldrar/forráðamenn gista með hverjum árgangi á gístimótum.
5. Ferðauppbót þjálfara og aðstoðarþjálfara fyrir gístimót innanlands er 25.000 krónur per þjálfara, og standa foreldrar straum af þeim kostnaði. Greiðsla fer fram gegnum fjármálastjóra KR.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR

FERÐIR UTANLANDS Á VEGUM KR



HVAÐ ÞARF AÐ GERA?

- Byrja þarf snemma að skipuleggja ferðina og þarf ákvörðun um að fara að liggja fyrir í seinasta lagi kringum áramót.
- Margar innlendar ferðaskrifstofur bjóða ferðir á hin ýmsu mót í Evrópu og Bandaríkjunum og er hægt að nálgast upplýsingar hjá BUR um hvað er í boði hverju sinni
- Mælt er með að byrja snemma að skipuleggja fjáraflanir, hægt er að fara langt með að safna upp í ferðina með hinum ýmsu fjáröflunum.
- Tilgreina þarf fulltrúa í foreldraráði sem tekur að sér utanumhald fjármála tengdum ferðinni
- Gagnsætt ferli
- Öflugt foreldraráð

STAÐSETNING Á ÁBYRGÐ OG SKYLDUM

- Iðkendur sem ferðast á vegum KR utan Íslands þurfa allir að undirrita staðfestingu á ábyrgð og skyldum.
- Þurfa iðkendur að undirrita slíkan sáttmála í hvert sinn er þeir ferðast utanlands á vegum KR.
- Þeir iðkendur sem ekki undirrita viðkomandi staðfestingu fá ekki að ferðast utanlands á vegum KR.

Smellið hér til að finna sáttmálann.

Ef eitthvað er óljóst hvað þetta varðar veitir BUR nánari upplýsingar.

Netfang Barna- og unglíngaráðs er:
burknattspyrna@kr.is

GOTT AÐ HAGA Í HUGA

1. Foreldrar þurfa einnig að standa straum af ferðakostnaði þjálfara þegar ferð erlendis er skipulögð, sama gildir fyrir farastjóra hópsins
2. Mælt er til þess að farastjórar séu ekki færri en tveir
3. Ferðauppbót þjálfara og aðstoðarþjálfara fyrir ferðalög eru 10.000 krónur á dag, þó eigi meira en 70.000 krónur á mann fyrir hverja ferð. Foreldrar standa straum af þessum kostnaði, og fer greiðsla fram gegnum fjármálastjóra KR

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR


ALMENNT UM KNATTSPYRNUDEILD



HLUTVERK

- Knattspyrnudeild KR hefur það hlutverk að veita börnum og unglingum í Vesturbæ Reykjavíkur og nágrenni tækifæri til að stunda knattspyrnu
- Áhersla er lögð á uppeldisleg gildi knattspyrnuíðkunar, heilsu og vellíðan ásamt því að allir fái jöfn tækifæri til að þroska sig sem einstakling og taka framförum

SKIPURIT KNATTSPYRNUDEILDAR



GILDI KR

Metnaður

KR-ingar eru stoltir og hafa metnað til að vera í fararbroddi framsækinnna íþróttafélaga og ná framúrskarandi árangri í öllu starfi félagsins.

Fagmennska

KR-ingar nýta alltaf bestu menntun, hæfni og þekkingu sem til er á hverjum tíma í þjálfun, stjórnun og rekstri.

Virðing

KR-ingar vinna að jafnrétti kynjanna og koma ávallt fram af virðingu hvar sem þeir eru.

Gleði

Gleði, ánægja, skemmtilegur félagsskapur og jákvæð hvatning eru lykilatriði í starfi KR.

YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR



YNGRIFLOKKAR KNATTSPYRNUDEILDAR KR